

Mál nr. 90/2016
M og
vátryggingafélagið V v. vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar.

Vatn lak úr nýrri uppþvottavél og skemmdi parket þ. 18.3.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.3.2016 ásamt fylgiskjöllum ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 8.4.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M segist hafa keypt nýja uppþvottavél 17.3.2016 og flutt hana heim til sín og hafi vélin verið sett á gólf fyrir framan eldhús í íbúð hans. M segir að daginn eftir hafi gamla uppþvottavélin verið aftengd og sú nýja sett í staðinn, en þá hafi komið í ljós að vatn hafði lekið úr nýju vélinni og það legið á parketi í u.þ.b. sólarhring og sé það bólgið og dökkleitt eftir þetta. M krefst bóta úr vatnstjónstryggingu og vísar til ákvæðis í b-liðar í 1. gr. vátryggingarskilmála þar sem segir að einnig bætist tjón sem verða þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim. M telur ljóst að um leka úr hreinlætistæki hafi verið að ræða og tjón hans því bótaskyldt. V hafnar bótaskyldu og segir að uppþvottavél geti ekki talist hreinlætistæki, en samkvæmt almennri málvenju eru hreinlætistæki, tæki og búnaður sem yfirleitt eru staðsettur í baðherbergi svo sem handlaugar, salerni, sturta og önnur tæki sem brúkuð eru til persónulegs þrífnaðar. Til stuðnings fyrir þessari afstöðu vísar V til orðabókar Máls og menningar frá 1996 þar sem ofangreind skilgreining á hugtakinu hreinlætistæki kemur fram. V segir að uppþvottavél hafi ekki verið skilgreind sem hreinlætistæki skv. almennri málnotkun. V hafnar því að leki úr ótengdri uppþvottavél falli undir b-lið 1. gr. vátryggingarskilmála.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýst um það hvort uppþvottavél teljist vera hreinlætistæki samkvæmt almennum málskilningi og hvort skilja megí ákvæði b-liðar 1. gr. vátryggingarskilmála með þeim hætti að leki úr ótengdri uppþvottavél sé leki úr hreinlætistæki. Miðað við orðskýringar sem vísað er til af hálfu V sbr. orðabók Máls og menningar frá 1996 liggur fyrir að uppþvottavél fellur ekki undir það að vera hreinlætistæki. Í orðabók Menningarsjóðs frá 1983 er um svipaða skýringu að ræða en þar segir "hreinlætistæki- handlaug og salernistæki með tilheyrandi búnaði (krönum o.þ.h) Hvergi er að finna í orðskýringum þann skilning M að uppþvottavél sé skilgreind sem hreinlætistæki. Ekki verður því á það fallist að tjón M sé bótaskyldt með vísan til b-liðar 1.gr. vátryggingarskilmála. M á því ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 25.5.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.